

**Nd.**

**611. Frumvarp til laga**

[268. mál]

um breyting á hafnalögum nr. 45 frá 24. apríl 1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

**1. gr.**

Á eftir 12. gr. laganna komi ný grein, er verði 13. gr., svohljóðandi, enda breytist töluröð annarra greina í samræmi við það:

Vörugjald af vörum, sem umskipað er, útskipað eða uppskipað utan löggiltra hafnarsvæða, þar á meðal af sjávarafla, skal ríkissjóður innheimta í samræmi við gjaldskrá næstu hafnar og skal gjaldið renna í Hafnabótasjóð.

**2. gr.**

Núverandi 20. gr. orðist svo:

Tekjur Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, sem sé 12% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta á fjárlögum hvers árs, en þó aldrei lægra en 30 millj. kr.
2. Vöru- og aflagjald af vörum og afla, sem losað er utan hafnarsvæða, sbr. 13. gr.
3. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

3. gr.

Núverandi 21. gr. 1. mgr. orðist svo:  
Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar innanlands eða utan allt að 750 millj. króna. Ríkissjóði skal heimilt að ábyrgjast þau lán.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.*

Með frumvarpi þessu er ætlunin að gera tvær minni háttar, en nauðsynlegar breytingar á lögum um hafnamál.

Önnur breytingin lýtur að því, að innheimt verði vörugjöld af vörum, sem skipað er á land, útskipað eða umskipað utan löggiltra hafnarsvæða og renni gjöldin í Hafnabótasjóð.

Eðlilegt er, að allir sitji við sama borð hvað snertir greiðslu vörugjalda, en nokkur dæmi eru um að hjá greiðslu þessara gjalda hafi verið komist, þegar ferming eða afferming hefur farið fram utan hafnarsvæða. Jafnframt er eðlilegt að þessi vörugjöld renni í hinn sameiginlega fjárfestingar- og styrktarsjóð hafnanna.

Hin breytingin er hækkun á lánsheimild Hafnabótasjóðs úr 350 í 750 millj. kr., en nú þegar hafa verið notaðar um 335 millj. kr. af 350 millj. kr. lánsheimild sjóðsins.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Erfitt er að áætla tekjur Hafnabótasjóðs samkvæmt grein þessari en sennilega fara þær ekki yfir 10 millj. kr. á ári.

Um 2. gr.

Hér kemur inn nýr 2. liður, sem leiðir beint af breytingu skv. 1. gr.

Um 3. gr.

Eins og í hinni almennu greinargerð segir er lánsheimild Hafnabótasjóðs nær fullnotuð, en á næstunni þarf að ganga frá um 200 millj. kr. láni til Hafnabótasjóðs. Eftir standa þá af heimild þeirri, sem hér er gerð tillaga um, rúmlega 200 millj. kr. vegna mögulegrar lántöku síðar.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.